


Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 6. tbl. 12. árg

Maí og júní 2023



Góðan dag kæru forráðamenn Glerárskóla og gleðilegt sumar!

Apríl er nú liðinn og margt verið brallað í skólanum síðan síðasta fréttabréf var sent út. Árshátíð Glerárskóla var haldin með öllu tilheyrandi í síðustu viku fyrir páska og má segja að hún hafi verið með glæsilegra móti. Allt tókst vel, húsfyllir var á allar sýningar og allir fóru glaðir og kátir í páskafrí. Eftir páskana hafa vikurnar verið fljótar að líða enda margar fjögurra daga vikur í apríl og maí. Sumarið lét sjá sig en veðurfarið hefur nú verið upp og ofan. Vorverkin eru þó farin á fullt skrið í skólanum og í vikunni hófst síðasta læsisátak þessa skólaárs. Nú lesa nemendur í 1. -7. bekk sem aldrei fyrr og keppast við að lengja klukkulestina á veggjum skólans.

Framundan eru tímar útiveru og uppgjors, skila og námsmats, gleði og fróðleiks. Skólastarfið tekur alltaf á sig bjartari ljóma síðustu vikur skólaársins og það er gaman að sjá bros nemenda þegar sólin skín.

Í dag var stefnan hjá starfsfólki Glerárskóla að vera í náms- og starfsferð í Gdansk en því miður varð ekkert af þeirri ferð þar sem Niceair felldi niður starfsemi sína.

Skipulagsdagurinn í dag var því nýttur í önnur störf innan skólans.

Á komandi ári verður Glerárskóli áfram á tveimur starfsstöðvum framan af vetri, eða að minnsta kosti fram til áramóta. Þegar líður á haustið sjáum við hvernig gengur og hvenær við fáum afhent nýtt og flott húsnæði í A-álmu skólans. Það verður afar ánægjuleg stund. En við höldum okkar striki og eflum anda og líkama með því að fylgja sýninni okkar, HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI í hvívetna.

Í lok skólaársins verður skipulagið á þessa leið:

Mánudagur 1. maí 2023 - Skólafrí

Föstudagur 2. júní 2023 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Mánudagur 5. júní 2023 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Þriðjudagur 6. júní 2023 - Skólaslit (sjá neðar) - Frístund opin milli 8:00 og 9:00

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Við þökkum fyrir frábært samstarf á liðnum vetri, óskum öllum gleði í sumar og hlökkum til að hefja nýtt skólaár í ágúst 2023.

Kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla, Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Klæðnaður nemenda

Minnum alla á að klæðnaður nemenda þarf að fara eftir veðri nú á vordögum. Veður á Íslandi eru válynd og þó að sumarið sé komið á kortinu getur verið ansi kalt í lofti. Þar sem krakkarnir eru mikið úti við þessar síðustu vikur er gott að muna eftir því að klæða sig eftir veðri.



Framkvæmdir í Glerárskóla

Framkvæmdir við A-álmu ganga glimrandi vel og eru á áætlun. Þó er nóg eftir og verða framkvæmdir í gangi í allt sumar og allt næsta haust í það minnsta.

Við höldum okkar striki og verðum á tveimur starfsstöðvum komandi haust en það hefur gengið ótrúlega vel og gerum við ráð fyrir að svo verði áfram.



Við minnum alla á að minna nemendur á að fara varlega og einnig minnum við á að ekki skal aka bifreiðum inn að skólanum heldur nota sleppisvæðið nú eða bílastæði fyrir sunnan skóla eða ofan leikskóla ef leggja þarf bílum. Takk fyrir tillitsemina og þrautseigjuna.



„Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga, sæta lánga
sumardaga.”
Höf. Halldór Laxness

Helstu atburðir í maí og júní 2023

Maí 2023	
1.maí	Baráttudagur verkalýðsins - Skólafrí
15. - 17. maí	Skólaferðalag 10. bekkjar
18. maí	Uppstigningardagur - Skólafrí
29. maí	Annar í hvítasunnu - Skólafrí
Júní 2023	
1.og 5. júní	Uppbrotsdagur - skólastarf til 13:15 hjá nemendum - Vorhátíð
6. júní	Skólaslit (nánar neðar)

Skólaferðalag 10. bekkjar

Dagana 15. - 17. maí 2022 fara nemendur í 10. bekk í árlegt skólaferðalag. Söfnun hefur verið í gangi í allan vetur og hafa nemendur staðið sig með þryði auk þess sem árshátíðin kom vel út. Umsjónarkennarar krakkanna hafa einnig verið ötulir í að aðstoða þá í hvívetna og þökkum við þeim fyrir það. Ekki má gleyma foreldrahópnum sem hefur verið mjög öflugur og hjálpað til með mikilli jákvæðni. Hjartans þakkir.

Það verður gaman fyrir nemendur að ljúka skólanum með skemmtilegu ferðalagi áður en þeir segja skilið við grunnskólann sinn og halda á vit ævintýra framhaldsskólans.

Haldið verður í Skagafjörðinn þar sem skemmtileg upplifun leynist bak við hvern stein.

Við óskum þeim góðrar ferðar og vitum að það verður gleði og gaman allan tímann.



Skipulag skólastarfs í Glerárskóla 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 verður 1. - 7. bekkur staðsettur í Glerárskóla í tveimur álmum, B og D. Þar verða einnig kenndar list- og verkgreinar ásamt því að Frístund fær sitt svæði. Vegna framkvæmda þurfum við að þjappa okkur saman og nýta hugmyndaauði í skólastarfi nú meira en nokkru sinni.

Skiptingin verður eftirfarandi:

B-álma:

1.-4. bekkur

Frístund

D-álma:

5.-7. bekkur

List- og verkgreinar

ÍSAT kennsla

Skipulag skólastarfs í Rósenborg 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 verður 8. - 10. bekk aðallega kennt í Rósenborg. Þó mun íþrótt- og sundkennsla auk nokkurra tíma fara fram í Glerárskóla og þá eru valgreinar kenndar víða á Akureyri. Breyting verður á ýmsu fyrirkomulagi til að allt gangi smurt fyrir sig og kemur það helsta hér:

Tímasetningar í Rósenborg:

Skóli hefst **kl. 8:10** á morgnana og stendur til 12:35 en þá er matartími. Klukkan 13:15 hefst kennsla valgreina á ný og stendur mislengi fram á dag eftir því hvaða valgreinum nemendur sinna.

Rútur:

Rúta fer á hverjum morgni frá Glerárskóla upp í Rósenborg **kl. 8:00**. Rúta fer frá

Rósenborg út í Glerárskóla fjóra daga vikunnar kl. 12:35 og einn dag 13:45. Þegar nemendur eru í tímum í Glerárskóla verða rútuferðir aðlagðar að þeim bæði til og frá Glerárskóla/Rósenborg.

Ef nemendur missa af rúttunni verða þeir að koma sér sjálfir í skólann.

Matartími:

Nemendur fá mat kl. 12:45 í Glerárskóla alla daga nema miðvikudaga. Á miðvikudögum snæða nemendur í Brekkuskóla kl. 12:35 en þá daga heldur kennsla í Rósenborg áfram til kl. 13:45.

Valgreinar:

Valgreinar eru kenndar í Rósenborg og Glerárskóla. Ef nemendur eru skráðir í valgrein sem er staðsett í Rósenborg, Brekkuskóla eða öðrum stað þar nálægt, geta þeir fengið að borða í Brekkuskóla þann dag.

*„Gleðin er í senn birta og ylur, sem þenur út æðarnar, og er því eitt
besta heilsulyfið.“*

Höf. Þórarinn Björnsson

Skólaslit 2023

Þriðjudaginn 6. júní 2023 verða skólaslit í Glerárskóla.



Nemendur í 1. – 7. bekk mæta í stofur, þaðan er gengið í röð í íþróttasal þar sem formleg slit fara fram. Að þeim loknum fara nemendur aftur í röð í stofur þar sem umsjónarkennarar kveðja. Frístund verður opin milli 8:00 - 9:00 en eftir skólaslitin er komið sumarfrí hjá nemendum.

Skólaslit 10. bekkjar verða í Glerárkirkju sama dag klukkan 16:00. Á eftir slitunum verður nemendum 10. bekkjar, forráðamönnum þeirra og starfsfólki, boðið í kaffi og kökur í safnaðarheimili kirkjunnar.

Skólaslitin verða sem hér segir:

- | | |
|-----------|---|
| Kl. 9:00: | 1. – 4. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí |
| Kl. 10:00 | 5. – 7. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí |
| Kl. 16:00 | 8. - 10. bekkur mætir í Glerárkirkju - 10. bekkur ásamt aðstandendum – hátíðarstund, útskrift og kaffiveitingar í boði 10. bekkjar Glerárskóla en forráðamenn 9. bekkja aðstoða við borðhald . Að loknum skólaslitum fara nemendur í sumarfrí. |

Fiðringur 2023

Nemendur í Glerárskóla tóku þátt í Firðingi á Norðurlandi þetta skólaárið og voru skólanum sínum til sóma. Hér kemur linkur sem sýnir glæsilegt og áhrifaríkt atriði hópsins á tækniæfingu fyrir aðlkeppnina í Hofi. Njótið.



https://drive.google.com/file/d/1qX1njWK_Z34MDItCJH_2HXUNWVM0gOE6/view?usp=drivesdk

Erasmus+ í Glerárskóla

Glerárskóli er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu „Be a Shield Around the World“ eins og allir vita. Nú í mars fór hópur til Rúmeníu og útvíkkaði sjóndeildarhringinn hressilega í allt öðru menningarsamfélagi. Nemendur voru skólanum til sóma í þeirri ferð.

Í maí er lokaferð verkefnisins til Sikileyjar á Ítalíu og þangað fer hópur fjögurra nemenda og tveggja kennara. Þar með er þessu verkefni lokið en Glerárskóli mun halda áfram að taka þátt í Erasmus+ verkefnum til að efla skólastarfið.




Rýmingaræfing

Óundirbúin rýmingaræfing verður í Glerárskóla og undirbúin æfing í Rósenborg vikuna 15. - 19. maí næstkomandi. Látið ykkur því ekki bregða þó bjöllur hringi í Glerárskóla og þið sjáið slökkviliðsbíla koma heim að skólanum. Nemendur í Rósenborg fá að vita hvenær æfingin verður því hún er sú fyrsta sem fer eftir nýju skipulagi.



Vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag Glerárskóla

Vorhátíð Glerárskóla og Foreldrafélags Glerárskóla verður haldin mánudaginn 5. júní komandi kl. 11:30 - 13:00. Nánari upplýsingar síðar.



Umbúðalaus vika í Glerárskóla

Vikan 8. - 12. maí n.k. verður umbúðalaus vika í Glerárskóla. Við biðjum forráðamenn að aðstoða okkur í því að minnka magn umbúða hjá nemendum, nota fjölnota umbúðir og brúsa.

„Hver dagur þér færir
gleði og gæfu
geislandi morgunsól



Hver dagur þér færir
farsæld og frið
fegurstu kvöldsins sól

Höf. Kristjana E. Guðmundsdóttir

Útiþróttir vorið 2023

Frá og með mánudeginum 22. maí 2023 er áætlað að vera með alla íþróttatíma úti (22. maí - 3. júní).

Þá daga verða allir nemendur að mæta í fatnaði og skóm sem henta aðstæðum hverju sinni.

Nemendur í 5. - 10. bekk hafa aðgang að búningsklefum fyrir og eftir tíma.

Kveðja, íþróttakennarar



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

